

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 323/2022 um heimild færeyskra skipa til sildveiða við Ísland á árinu 2022.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í efnahagslögsögu Íslands skv. 2. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 25. apríl 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 12. maí 2022